

Viðbrögð skólans og vinna með bekk/árgang.

Eineltisvöktun ca. 2 vikur. Allir starfsmenn beðnir að fylgjast með.

Tekin eru **viðtöl** við þá einstaklinga sem koma að eineltismáli. Æskilegt er að tala við alla nemendurna í bekknum til þess að afla upplýsinga. Unnið er með samskipti í bekknum, haldnir **bekkjarsfundir** til að ræða málin og upplýsa um gang mála.

Talað er sérstaklega við þá nemendur sem tengjast málinu, þeim gerð grein fyrir alvöru málsins auk þess að haft er samband við foreldra þeirra. Haft er samband við foreldra bæði þolenda og meintra gerenda.

Stundum þarf kennari/foreldri að leita sér aðstoðar vegna eineltismála sem upp koma og eru þá deildarstjórar til taks og geta komið að vinnunni með kennaranum. Ef þær leiðir duga ekki er hægt að hafa samband við RHA (Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri) sem veitir þá aðstoð við að ljúka málinu.

Það er á ábyrgð umsjónarkennarans að vinna með eineltið og leita sér aðstoðar ef þurfa þykir. Hann þarf jafnframt að vera í góðu sambandi við foreldra þeirra barna sem hlut eiga að máli.

Tengslakannanir eru gerðar tvisvar á ári í skólanum, í október og febrúar.

Ef eitthvað óeðlilegt kemur fram í þessum tengslakönnunum er strax farið af stað og málið skoðað.

Ein stór líðan könnun er gerð í 4.-10. bekk árlega.

Myndbönd sem fjalla um einelti eru til í skólanum og gjarnan notuð þegar vinna þarf með eineltismál.

Skráningarkerfi

Skráningarkerfi skólans felst í því að nota **Mentor.is** þar sem skrá á í dagbók allt sem kemur upp á í skólanum. Skrá þarf atburði sem gerast í frímínútum, á göngum, búningsklefum, í kennslustofum og í kennslustundum. Umsjónarkennarar eiga að fylgjast með og halda utan um skráningu síns bekkjar. Allir kennarar hafa aðgang í tölvu að þeim bekkjum sem þeir koma að (kenna). Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvukerfi skólans geta fengið ritara eða deildarstjóra til að skrá fyrir sig það sem þarf.

Starfsmönnum ber jafnframt að tilkynna hverskyns óæskilega atburði til umsjónarkennara hvort sem þeir eiga sér stað í frímínútum eða annars staðar.